

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 12/2020.

Reykjavík, 25.09.2020

2020090385

Efni: Innköllun á Himneskt Lífrænu rauðu pestói vegna aðskotahlutar (glerbrot).

Aðföng hafa, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Himneskt Lífrænt rautt pestó** vegna þess að glerbrot fannst í einni krukku.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki	Himneskt.
Vöruheiti	Lífrænt rautt pestó.
Strikamerki	5690350050692.
Nettómagn	130 g.
Best fyrir dagsetningar	Allar í október 2022.
Framleiðandi	La Dispensa di Campagna Srl, Toskana.
Framleiðsluland	Ítalía.
Innflytjandi	Aðföng, Skútuvogi 7-9, 104 Reykjavík.
Dreifing	Verslanir Bónus og Hagkaupa um land allt.

Viðskiptavinir sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í þeirri verslun þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530 5600, gaedastjori@hjaladfong.is.

